

Föstudaginn 5. desember 1986.

Nr. 276/1986

og 277/1986. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Steingrími Njálssyni

((Ragnar Aðalsteinsson hrl.))

Brot gegn 209. gr. alm. hegningarlaga. Fjársvik. Brot gegn lögum um vernd barna og ungmenna. Brot gegn áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Með áfrýjunarstefnum 10. október 1986 var skotið til Hæstaréttar tveimur dómum sakadóms Reykjavíkur í málum á hendur ákærða, uppkveðnum 21. maí 1986 og 5. september 1986. Ákærði hafði óskað áfrýjunar fyrri dómsins en eigi hins síðari, en báðum dómum er skotið til Hæstaréttar af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Refsing sú, sem ákærða var dæmd með dóminum 5. september, var ákveðin sem hegningarauki. Hafa bæði málin verið flutt saman fyrir Hæstarétti, þannig að refsing ákærða geti orðið ákveðin í einu lagi vegna allra brotanna.

1. Dómur 21. maí 1986.

Samkvæmt gögnum málsins tók ákærði sér leigubifreið án þess að hann ætti fé til greiðslu ökugjaldsins og án þess að semja fyrirfram við ökumanninn um gjaldfrest. Ber því að staðfesta niðurstöðu þessa dóms um sakarmat og færslu brots til refsíákvæðis.

2. Dómur 5. september 1986.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms að ákærði hafi framið brot þau sem honum eru gefin að sök í þessu máli. Brot þau, sem lýst er í ákæruliðum I og II, varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og ennfreður við 45. gr. laga nr. 53/1966, þar sem brotin beindust að börnum. Brot það sem um ræðir í II. lið

er í ákæru einnig talið varða við 226. gr. hegningarlaga. Í málinu kemur eigi fram hversu lengi ákærði hélt drengnum hjá sér inni í búningasklefanum, en eigi virðist hafa verið nema um stutta stund að ræða. Verður þessi háttsemi ákærða einungis talin þáttur í broti hans gegn 209. gr. hegningarlaga og 45. gr. barnaverndarlaga en eigi sjálfstætt brot er refsað verði fyrir samkvæmt 226. gr. hegningarlaga.

Brot það sem um ræðir í III. lið er rétt fært til refsíákvæða í héraðsdómi.

3. Viðurlög.

Refsing verður dæmd í einu lagi fyrir öll brotin með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga og ennfremur 72. gr. sömu laga, þar sem ákærði verður að teljast vanaafbrotamaður. Er refsing hæfilega ákveðin fangelsi 7 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði dóms 21. maí 1986 um skaðabætur og ákvæði beggja hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti fangelsi 7 mánuði.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um skaðabætur og sakarkostnað eru staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnaraun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. maí 1986.

Ár 1986, miðvikudaginn 21. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 307/1986: Ákæruvaldið gegn Steingrími Njálssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 6. þ.m. á hendur ákærða Steingrími Njálssyni, áður að Hverfisgötu 83, nú að Fjölnisvegi 9, Reykjavík, fæddum 21. apríl 1942 á Siglufirði.

Í ákærinni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða, „fyrir að hafa, þriðjudaginn 31. desember 1985, fengið leigubifreiðastjóra til að aka með sig á bifreiðinni R-379 frá Seltjarnarnesi að Smáratúni 21, Keflavík, án þess að hafa möguleika á að greiða ökugjaldið kr. 3.000.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Þriðjudagskvöldið 31. desember sl. klukkan 23:55 kom á lögreglustöðina í Keflavík ökumaður leigubifreiðarinnar R-379, Þröstur Garðarsson, Dalalandi 4 í Reykjavík. Kvaðst hann hafa ekið ákærða Steingrimi Njálssyni frá Unnarbraut 2 á Seltjarnarnesi að Smáratúni 21 í Keflavík, en ákærði hefði ekki greitt ökugjaldið, 3000 krónur.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa greint kvöld fengið bifreiðarstjóran á leigubifreiðinni R-379 til að aka með sig á henni frá Vallarbraut 2 á Seltjarnarnesi að Smáratúni 21 í Keflavík, án þess að eiga peninga í upphafi ferðar til þess að greiða fyrir aksturinn að honum loknum. Ákærði kveðst hafa talið sig eiga von á að geta útvegað peninga fyrir akstrinum suður í Keflavík og hafi hann sagt bifreiðastjóranum það í upphafi ferðar. Segir ákærði að hann hafi ætlað að fá peningana að Smáratúni 21 hjá föður sínum, sem ekki hafi verið heima, og gat ákærði því ekki greitt ökugjaldið.

Ákærði kveðst hafa dvalið inni í húsinu um stundarfjórðung, en þegar hann hafi komið út aftur hafi bifreiðin verið farin þótt ákærði hefði beðið bifreiðarstjóran að biða. Ákærði hefur ekki enn greitt ökugjaldið.

Ákærði kveðst hvorki hafa beðið föður sinn um lán fyrir ökuferðinni áður en hún hófst né átti hann fé hjá honum. Hann kveðst hafa sagt leigubifreiðarstjóranum á leiðinni til Keflavíkur að hann ætti peninga á heimili sínu í Reykjavík ef peningar brygðust í Keflavík.

Vitnið Þröstur Garðarsson, Dalalandi 4 í Reykjavík, kveðst hafa ekið ákærða frá húsi á Seltjarnarnesi umrætt kvöld að Smáratúni 21 í Keflavík. Kveðst vitnið hafa spurt ákærða áður en ferðin hófst hvort hann ætti fé fyrir fargjaldinu og hefði hann sagt að hann ætti það í Keflavík.

Vitnið segir að ákærði hafi farið inn í húsið að Smáratúni 21 og eftir einhverja bið úti í bifreiðinni fór vitnið inn í húsið. Á leiðinni inn í húsið mætti vitnið fyrir utan það gömlum manni sem var að fara á brott. Vitnið hitti ákærða inni í húsinu á 2. hæð. Virtist hann vera ruglaður og fékk vitnið engin svör við því hvort hann myndi greiða ökugjaldið eða ekki. Fór vitnið þá út í bifreiðina til þess að kalla á lögreglu, en það bar ekki árangur. Hélt vitnið aftur eftir nokkra stund inn í húsið og heyrði þá í ákærða á tali við einhvern og stóð í þeirri trú að það væri gamli maðurinn,

faðir hans, en ekki sá vitnið þá. Vitnið gaf sig ekki á tal við ákærða og viðmælanda hans og hélt á lögreglustöðina.

Vitnið segir að í upphafi ökuferðar hafi verið um það rætt að vitnið æki ákærða aftur til Reykjavíkur. Eftir það var ekki um það rætt. Ekki minntist ákærði á það við vitnið að hann ætti peninga í Reykjavík. Vitnið segir að vera kunni rangt í skýrslu þess hjá lögreglunni í Keflavík, að ökuferðin hafi hafist við Unnarbraut 2.

Ákærði gerir þá athugasemd við framburð vitnisins, að hann hafi sagt því að hann ætti peninga í Reykjavík. Vitnið minnst þess ekki. Þá kannast ákærði ekki við að hafa rætt við föður sinn heldur bróður sinn. Hann hafi ekki hitt föður sinn.

Niðurstöður:

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við annað sem fram er komið í málinu, er sannað að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákærinni og þar er rétt færð til refsíákvæðis.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum og reynslulausn sem hér segir:

— — —

[Í sakavottorði ákærða eru tilfærðir 20 refsíðómar. Af þeim eru sex vegna auðgunarbrotu, uppkveðnir á árunum 1963, 1967, 1968, 1971 og 1972.]

Refsing.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af sakaferli hans, fangelsi í 3 mánuði.

Skaðabætur.

Ákærði hefur samþykkt bótakröfu Þrastar Garðarssonar, Dalalandi 4 í Reykjavík, og ber að dæma ákærða til að greiða honum 3.000 krónum í bætur.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði greiði Þresti Garðarssyni, Dalalandi 4 í Reykjavík 3.000 krónur í bætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. september 1986.

Ár 1986, föstudaginn 5. september er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 447/1986: Ákærvaldið gegn Steingrími Njálssyni, sem tekið var til dóms þann 29. ágúst sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 31. júlí 1985 á hendur ákærða, „Steingrími Njálssyni sjómanni, Norðurgötu 12, Siglu-firði, fæddum 21. apríl 1942 þar í bæ.

I. Fyrir að hafa, föstudaginn 25. janúar 1985, veist að drengnum A, fæddum ... 1974, við veitingastofuna Brauðbæ við Óðinstorg í Reykjavík, kysst hann á andlitið og farið höndum um líkama hans utanklæða, m.a. kynfærin.

Telst þetta varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53, 1966.

II. Fyrir að hafa, miðvikudaginn 10. apríl 1985, er ákærði var nakinn í búningasklefa sínum í Sundhöll Reykjavíkur við Barónsstíg, lokkað inn í klefann til sín drenginn B, fæddan ... 1972, sem einnig var nakinn, lokað á eftir honum dyrunum, neytt hann til þess að setjast í kjöltu sér, kysst hann á hálsinn, farið höndum um líkama drengsins, m.a. um kynfærin og þegar drengurinn vildi komast út, haldið honum föstum, tekið m.a. fyrir munn honum og ýtt honum inn í fataskáp og þannig haldið honum nauðugum í klefanum nokkra stund.

Telst þetta varða við 209. gr. og 226. gr. almennra hegningarlaga og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna.

III. Fyrir að hafa, þriðjudaginn 28. maí 1985, siglt smábátnum Straumnesi ölvaður út úr Hafnarfjarðarhöfn, út fyrir Helgasker og þar til lögreglumenn stöðvuðu siglingu ákærða vestan við Keilisnes.

Telst þetta varða við 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. lög nr. 52, 1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því sem fram er komið í málinu:

I.

Föstudaginn 25. janúar 1985 kl. 22:40 var óskað lögregluaðstoðar að Óðinsgötu 4 vegna áreitni sem ungur drengur hafði orðið fyrir frá ölvuðum

manni. Fóru lögreglumenn á staðinn og höfðu tal af drengnum A, fæddum ... 1974. Kvaðst drengurinn hafa verið sendur út í Brauðbæ til að sækja ísmola, en honum hefði verið neitað um afgreiðslu. Kvaðst drengurinn hafa hitt ölvaðan mann í anddyrinu sem hafi boðist til að útvega ísmola fyrir hann. Drengurinn kvað manninn skyndilega hafa tekið utan um hann og byrjað að þukla hann út um allan líkamann og sérstaklega á kynfærum hans. Að sögn drengsins fór maðurinn að útvega ísmolana og þegar hann kom aftur hefði hann tekið utan um hann og kysst hann margsinnis á andlitið og þuklað hann. Hafi maðurinn beðið hann að koma með sér upp á hótélherbergi, en drengurinn neitaði þeirri bón og sagðist vilja fara heim. Hafi maðurinn hindrað hann í að fara í burtu, en eftir nokkra stund hefði hann leyft honum að fara.

Drengurinn gaf lýsingu á manninum og var ákærði handtekinn fyrir utan Brauðbæ skömmu síðar, en lýsing drengsins kom heim og saman við ákærða.

Ákærði var yfirheyrður hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins daginn eftir. Ákærði kannaðist við að hafa gefið sig á tal við tvo drengi u.þ.b. 10 - 12 ára gamla og hafi þeir beðið sig um að útvega ísmola í Brauðbæ. Borin var undir ákærða lýsing drengsins í lögregluskýrslunni og svaraði hann þá þannig orðrétt: „Ég rengi ekki þessa frásögn drengsins, hún er rétt. Ég vil ekki meina að ég hafi haft neytt afbrigðilegt í huga við þennan dreng þó svo að ég gerði þetta. Ég minnst þess ekki að hafa ætlað að bjóða honum upp á hótélherbergi til mín. Ég minnst þess ekki að hafa komið svona fram við nema annan drenginn. Ég kannast ekki við þessa drengi, minnst þess ekki að hafa séð þá áður. Ég hafði verið meira og minna í áfengisdrykkju frá því á fimmtudagskvöld 24. janúar. Ég var drukkinn í gærkvöldi.“

Er ákærði kom fyrir dóm þann 11. september sl. kvaðst ákærði ekki kannast við að hafa þuklað á kynfærum drengsins, en kvaðst hafa farið höndum um hann án þess að hafa neitt kynferðislegt í huga. Ákærði kvað ekki útilokað að frásögn drengsins af atburðum væri rétt. Ákærði staðfesti síðan skýrslu þá er hann gaf hjá RLR varðandi mál þetta.

Dómaranum þótti ekki ástæða til þess að kalla drenginn fyrir dóm.

Með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins er atferli ákærða, sem rakið hefur verið hér að framan, sannað. Hefur ákærði gerst brotlegur við 209. gr. almennra hegningarlaga og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53, 1966.

II.

Miðvikudaginn 10. apríl 1985 um kl. 11:12 var óskað lögregluaðstoðar að Sundhöll Reykjavíkur vegna áreitni, sem ungur drengur hafði orðið fyrir

frá fullorðnum manni. Fóru lögreglumenn á staðinn og höfðu tal af drengnum B, fæddum ... 1972. Skýrði drengurinn svo frá að hann hefði þá skömmu áður orðið fyrir því að maður um fertugt elti hann á röndum og reyndi að þukla á kynfærum hans. Þá hefði maðurinn kippt honum inn í búningsklefa, þuklað á kynfærum hans og varnað honum útgöngu. Drengurinn skoðaði myndasafn hjá RLR og þekkti hann þar ákærða sem ofangreindan mann.

Drengurinn gaf skýrslu hjá RLR sama dag og skýrði hann þá svo frá að maðurinn hafi gefið sig á tal við hann í lauginni og hafi þeir síðan farið í heita pottinn. Drengurinn kvaðst hafa farið í sturtu og hafi maðurinn elt hann þangað. Hafi hann beðið drenginn að koma inn í klefann til að tala við sig og drengurinn sagt honum að hann væri að flyta sér, en þó farið inn í klefann. Voru þeir báðir naktir þar inni. Hafi maðurinn þá lokað báðum hurðum klefans og læst þeim. Að sögn drengsins lét maðurinn hann setjast á læri sér, hélt hann utan um drenginn, kyssti hann á hálsinn og fitlaði við kynfæri hans. Kvaðst hann hafa reynt að losa sig, en maðurinn hafi haldið honum og þvingað hann til að setjast aftur. Kvaðst drengurinn hafa náð taki á hurðarhúninum til að opna, en maðurinn þá slegið á hendurnar á honum. Síðan hafi maðurinn tekið hann og ýtt honum inn í fata-skáp, tekið höndum um háls hans, en drengurinn hafi náð að losa það tak. Þá hafi maðurinn gripið framan í hann og sett fingurna fyrir augu hans. Maðurinn hafi síðan losað takið. Kvaðst drengurinn hafa orðið mjög hræddur og kvaðst hafa ætlað að kalla á hjálp, en maðurinn þá gripið fyrir vit hans og síðan fast í öxlina. Drengurinn kvaðst ekki hafa losnað fyrr en hann sagði manninum að hann hefði brúna beltið í karate.

Ákærði var yfirheyrður hjá RLR þann 11. apríl 1985. Kannaðist ákærði við að hafa tælt ungan pilt með sér inn í búningsklefa í Sundhöllinni og síðan hindrað hann í að komast út þaðan. Ákærði neitaði að hafa þuklað á drengnum. Skýrði ákærði svo frá að þetta væri einhver árátta sem gripi hann þegar hann væri undir áhrifum áfengis.

Er ákærði kom fyrir dóm þann 11. september 1985 kvað hann atvikum rétt lýst í þessum lið ákæru. Kvaðst ákærði muna málavexti óljóst sökum áfengisáhrifa.

Ekki þótti ástæða til að kalla drenginn fyrir dóm.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali. Varðar framanlýst atferli ákærða við 209. og 226. gr. almennra hegningarlaga og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53, 1966.

III.

Þriðjudaginn 28. maí 1985 um kl. 17:33 sigldi ákærði vélbátnum Straum-

nesi undir áhrifum áfengis úr Hafnarfjarðarhöfn vestur fyrir Helgasker, en lögreglumenn, sem veittu ákærða eftirför á hafnsögubátum Þrótti, náðu að stöðva siglingu hans vestan við Keilisnes.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða tekið blóð til alkóhólrannsóknar af Andrésí Sigvaldasyni, lækni, kl. 20:20 sama kvöld. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 2,91%. Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

— — —
[Í sakavottorði ákærða eru tilgreindir þessir þrír refsisdómar sem m.a. varða brot gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga:

1963 15 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr., 209. gr., 217. gr., 1. mgr. 203. gr. sbr. 1. mgr. 200. gr. og 194. gr. sbr. einnig 202. gr. hegningarlaga.

1964 1 árs fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 203. gr. sbr. 1. mgr. 200. gr. sbr. 194. gr. hegningarlaga o.fl.

1978 2 ára fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 203. gr. og 202. gr. sbr. 1. mgr. 200. gr. sbr. 194. gr. hegningarlaga.

Auk þess eru tilfærðir átján refsisdómar ákærða fyrir önnur brot, uppkveðnir á árabílinu 1966 - 1986.]

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 209. gr. og 226. gr. almennra hegningarlaga, 45. gr. laga nr. 53, 1966 og 33. gr. áfengislaga. Brot ákærða, sem hér er fjallað um, eru framin áður en Hæstaréttardómur frá 6. febrúar 1986 og dómur sakadóms Reykjavíkur frá 21. maí 1986 féllu. Ber því með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga að dæma honum hegningarauka. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl., kr. 8.000,-.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl., kr. 8.000.-.